

**Ed.**

**540. Tillaga**

til þingsályktunar um verndun frægra sögustaða.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fela Þingvallanefndinni að gera tillögur um verndun frægra sögustaða og leggja þær niðurstöður fyrir næsta Alþingi, einkum þau tvö atriði, sem hér skal greina:

A. Um verndun Þingvalla, bæði að því er snertir þinghelgina, skóginn og öll hin fornu sjereinkenni hjeradsins.

B. Hvort tiltækilegt þætti að reisa bæi í fornum stíl á Bergþórshvoli, Hliðarenda, Reykholti og Hjarðarholti í Dölum, og hve mikið það mundi kosta.